

BROT ÚR DAGBÓK ÍRLANDSFERÐAR

Hér á eftir fara brot eða útdráttur Dagbókar Írlandsferðar skógræktarfélaganna og skógarbænda á dögnum.

Dagbókin var þannig unninn að dag hvern skráðu tveir úr hópnum niður það helsta sem fyrir augu bar.

Mánudaginn 29. september, daginn eftir að ferðahópurinn kom til Írlands, var lagt af stað árdegis frá Hillgrove hótelinu í Monaghan til Rossmore Forest Park, sem er 3,5 km suðvestur af Monaghan. Noel Foley, fararstjóri í ferðinni, var kynntur fyrir hópnum.

Þegar komið var til Rossmore hittu ferðalangar Martin, starfsmann Írsku skógarþjónustunnar. Rossmore er upphaflega gamall herragarður keyptur af Rossmore fjölskyldunni á 5. áratug síðustu aldar og nú í eigu og umsjá Írsku skógarþjónustunnar (Coillte).

Barónsdæmið var stofnað á 18. öld og byggður kastali þarna sem síðan var yfirgefinn um 1920. Lítið stendur eftir af kastalanum nema tröppurnar og grunnurinn en írski lýðveldisherinn brenndi það sem eftir stóð af kastalanum á 8. áratugnum til að afmá þetta tákni fyrrum enskra yfirráða. Fallett útsýni er yfir svæðið af gamla kastalagólfinu. Allt að 5000 ára fornminjar hafa fundist í Rossmore.

Rossmore Forest Park er 320 ha. að stærð. Landslagið þarna eins og víðar á Írlandi einkennist af svokölluðum drimlum, ásum með forarpyttum á milli, sem myndast hafa við hreyfingar skriðjökla á síðustu ísöld.

Í Rossmore er land gott til trjáræktar og jarðvegur frjósamur ólíkt því sem víðast er á Írlandi. Skógurinn er mjög fjölbreyttur og telst bæði vera nytja- og útivistarskógur. Risafururnar vöktu mikla athygli en þær eru vel yfir 30 m á hæð.

Fram kom hjá fararstjórunum að írsku skógarnir eru tæp 700.000 ha að flatarmáli. 60 % þeirra eru í eigu Írsku skógarþjónustunnar (Coillte) - sem var gerð að hlutafélagi árið 1989 - og 40% í einkaeigu. 16.000 manns hafa atvinnu með einum eða öðrum hætti af skógariðnaðinum í Írlandi. Náttúruverndarsamtök og almenningur hafa gagnrýnt einsleita barrviðarskógana sem víða hafa verið ræktaðir um sveitir landsins. Því hefur verið lögð meiri áhersla á útplöntun lauftrjáa, t.d. í skógarjaðra.

Nú var ekið yfir til Norður-Írlands. Engin sjáanleg landamæri eru þar og ekkert eftirlit að því er virtist. Ekið var til bæjarins Omagh og þaðan til Gortin Glen skógar, sem er í um 9 kílómetra fjarlægð frá Omagh. Skógurinn er alls um 1500 ha. Þar er rekið fjölsótt fræðasetur.

Um skóginn liggur mikið stígakerfi og einn þeirra að svæði fyrir villt dýr. Þarna eru einnig reiðstígar og fjallahjólástígar. Fjölbreytni er mikil í trjágróðri enda er skógurinn fyrst og fremst hugsaður sem útivistar- og fræðluskógur.

Undir kvöld var komið í bæinn Ballybofay og gist þar á Jacksons hótelinu.

Priðjudaginn 30. september var lagt af stað í bítíð um morguninn og fyrsti áfangastaður var Glenveagh þjóðgarðurinn. Hann er 14.000 ha að stærð og mjög fjölsóttur. Hann var í eigu Adair fjölskyldunnar frá því á 18. öld, sem byggði kastala, sem enn stendur. Ættin er m.a. þekkt fyrir að hafa flutt krónhirti til Írlands, sem hafa dreiftst víða um landið. Amerískur auðmaður eignaðist landið síðar og erfði írsku ríkisstjórnina að því. Þjóðgarðurinn stofnaður árið 1985.

Þjóðgarðurinn er býsna fjölbreyttur. Þar eru hæðir vaxnar skógi og heiðagróðri og stórt stöðuvatn. Töluverðan hluta þjóðgarðsins má flokka sem "upprunalegan" Aðeins ríflega 10 % skóga í Írlandi teljast "upprunalegir" og eru í hættu vegna beitarlags og útbreiðslu lyngrósar.

Lyngrós er mjög ágeng í skógum Írlands og reynt er að halda henni í skefjum með ýmsum aðferðum. Þá eru vandræði af ákveðnu grasi (purple mow grass). Á það er "beitt" ákveðnu sauðfjárkyni sem er sólgíð í þessa grastegund. Annað sauðfé fúlsar við því.

Næst var staðnæmst við Glentornan. Svæðið er sérstakt, bæði vegna náttúruvafars, sögu og útivistarmöguleika, en fjöllin í kring eru vinsæl til klífurs og fjallgöngu. Það er um 400 ha, með opnum svæði og áberandi sitkagreniskógum. Svæðið krefst sérstakrar umsjónar, þar sem hluti þess er verndaður. Þá er reynt að fella skóginn sem best að landslaginu, ekki síst vegna ferðapjónustunnar.

Því næst var stöðvað í stutta stund í Ards Forest Park. Upprunalega var gróðursett í Ards á fjórða áratug síðustu aldar og byrjað að höggva fyrir um 15 árum. Sitkagreni og lerki hefur verið gróðursett aftur. Þá er að koma upp birki og lyngrósin er aðgangshörð.

Að lokum heimsóttu ferðalangarnir land sem feðgarnir Neil Doherty og sonur hans eru að rækta. Landið er frekar rýrt. Þeir eru að gera svæðið aðlaðandi, með því m.a. að planta blandskógi, hafa vegi í gegnum svæðið hlykkjótti og einnig eru þeir búnir að mynda lítið vatn með hólma. Feðgarnir fá opinberan styrk við skógræktina, sem brúar að mestu kostnaðinn við að koma upp skóginum.

Miðvikudagurinn 1. október var lagt var af stað frá Jackson's hótelinu í Ballybofey. Fyrsti viðkomustaður var Killygordon nursery, sem er ríkisrekin gróðrarstöð, stofnuð árið 1963. Ársframleiðsla stöðvarinnar er 6 -7 milljónir plantna. Þar voru áður eingöngu ræktuð barrtré, en nú hafa lauftré bætt við vegna krafna um fjölbreytni. Framleiðslan er eingöngu fyrir ríkisskógræktina.

Þá var farið í heimsókn til landeigenda og skógræktendanna Ray og Lis Sheppards. Ray er náttúrufræðingur og fjölfróður um flesta hluti. Þau hjónin gengu með hópnum um skóginn. Þau eru að reyna að samræma nytja- og yndisskóg og vilja auðga fuglalíf á svæðinu. Lítil sem enginn markaður en enn fyrir grisjunarvið.

Næsta heimsókn var til skógarbóndans John Jackson's, sem ræktar laufskóg á 44 ha lands en á auk þess 200 ha lands. Hann var áður "bara" bóndi en seldi jörðina og keypti land til skógræktar. John var búinn að undirbúa sig og kom ferðalöngunum skemmtilega á óvart með þekkingu á ýmsum staðhátum á Íslandi.

Ferðalangar komu seint í nýjan náttstað á Tower Hotel í bænum Sligo. Ferðalangar dreifðust til kvöldverðar í smáhópum á veitingastaði bæjarins sem er fallegur skreyttur útilistaverkum. Farið var eftir göngugötu meðfram ánni sem rennur gegnum bæinn.. Sumir brugðu sér á krár og kynntu sér bjórmenningu Íra.

Fimmtudagurinn 2. október heimsóttu ferðalangar Union Wood sem er í eigu Írsku skógarþjónustunnar (Coillte). Leiðsögumenn voru Pat O'Malley, Paul Jordan og John Higgin.

Svæðið er alls 350 ha og var byrjað að gróðursetja í það árin 1941-1942. Innan Írsku skógarþjónustunnar starfar sérstök skógarhöggseild. Timbrið er ýmist selt rótfast eða eftir högg og þá liggjandi í stæðum við veg. Fer það einkum eftir gildleika timbursins hvor leiðin er valin og er þá fremur selt á fæti, ef timbrið er gildvaxið. Verktakar sjá um skógarhöggið.

Á svæðinu, sem ferðalangarnir skoðuðu, var stærsti verktakinn að störfum. Sá á 10 öflugar skógarhöggsvélar. Lyngrósin, sem er víða á svæðinu í miklum mæli, gerir höggið erfiðara.

Yfirleitt er gróðursett strax eftir högg. Fyrst er greinum og trjátoppum rakað saman í rastir og síðan gróðursett á tiltölulega auða jörð. Ekki þykir borga sig að hirða toppa og greinar, en lögð áhersla á að nýta allan úrgang í sögunarmyllunum.

Föstudaginn 3. október hittu ferðalangarnir leiðsögumann dagsins, Kevin Collins skógarráðgjafa hjá Forestry Service. Ekið var niður til Wicklow að svokölluðu "Devels Glen" sem er gljúfur allmikið í hæðunum sunnan Wicklowbæjar.

Þarna er 250 ha skógivaxið svæði í eigu Írsku skógarstjórnarinnar (Coillte). Þar er stunduð skógrækt, ásamt því að svæðið er nýtt til útivistar. Hér hefur verið plantað mörgum tegundum trjáa.

Ferðalangarnir gengu í um 30 m háan marþallarskóg, um 60 ára gamlan. Í grenndinni óx sitkagreni, skógarfura og ýmsar lauftrjáttegundir. Í skóginum eru 18 höggmyndaverk eftir ýmsa listamenn. Þeir fá laun fyrir vinnu sína og aðstoð starfsfólks svæðisins. Reynt er að laða ungt fólk að skóginum, t.d. með tónleikahaldi, gönguferðum og fræðslu.

Heimsóknin í Devils Glen endaði með langri gönguferð í hlíðum gljúfursins. Þar eru aðallega lauftré sem áhersla hefur verið lögð á að rækta í seinni tíð.

Seinni hluta dagsins dvöldu ferðalangarnir í Glendalough (Tveggja vatna dal). Þar tók á móti þeim fornleifafræðingurinn Emmet Byrnesem. Í Glendalough er forn klausturrúst frá 6. öld, stofnuð af heilögum Kevin. Ævafor kirkjan, ásamt klukkuturni er enn uppistandandi.

Ferðalangarnir skoðuðu klausturrústirnar af athygli. Fornleifafræðingurinn hafði sig ekki mikið í frammi. Þó leiddi hann gönguferð upp að bæli heilags Kevins. Þar stundaði sá helgi maður hugleiðslu löngum stundum að sögn kunnugra.